

4. október 2011

Borgarstjórn Reykjavíkur 4. október 2011

Forseti: Settur er fundur í borgarstjórn og við tökum fyrir fyrsta mál á dagskrá sem er tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og þá tekur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir tillöguflytjandi til máls.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Porbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar, ég mæli hér fyrir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing nú í haust. Eins og við erum öll meðvituð um, þá leggjum við af stað í enn eina ferðina inn í skólavetur þar sem mikil hagræðingarkrafa er sett á skólana, bæði frá fyrri árum og svo til framtíðar, og sumir skólanna telja nú þegar vera vegið að getu þeirra til að geta sinnt lögbundinni þjónustu. Það er gott að hafa það að markmiði að halda til streitu þeim yfirlýsingum um að nægt fé sé í skólanum til að sinna lögbundinni kennslu en þegar búið er að skera af ansi mikið af þeim fjármunum sem fóru í að halda uppi viðbótarstarfsmönnum, þjónustu á söfnum, viðbótarfé sem fór til þriðja aðila sem kenndi jafnvel hluta af listgreinum eða verkgreinum, endurnýjun tölvubúnaðar og svo framvegis er afar líklegt að ekki sé til staðar nægt fé til að sinna nákvæmlega öllu og vonandi næst þetta ennþá, að kenna skyldukennslu en ekkert er vitað. Ekkert er vitað um þetta en fyrir liggur fyrirspurn í menntaráði frá Sjálfstæðisflokki um hvort skólar séu að ná að uppfylla kröfur um list- og verknám skv. námskrá en eins og við vitum hefur umræða um aukningu á þeirri kennslu verið hávær, ekki síst frá borgarstjóra Reykjavíkur þegar hann ræddi ítarlega skoðanir sínar í útvarpi fyrir nokkru. Við sjáum hvað úr þeirri fyrirspurn kemur vonandi við fyrsta tækifæri.

En að niðurskurði í skólunum. Við fórum í gegnum afar erfiðan vetur í fyrra. Við fórum í gegnum samráð, vissulega, en foreldrar og starfsmenn upplifa það enn svo að þeir hafi ekki fengið að koma að málum strax frá upphafi. Og vissulega var búið að ramma inn talsvert mikið hvað það var sem mátti tala um og hugmyndir komnar á blað þegar þær voru ræddar og of mikið ræddar, ítarlega til þess að samráðið þætti raunverulegt. Við heyrðum foreldrasamtök og foreldraráð og foreldrahópa kvarta sáran og hátt yfir þessum vinnubrögðum.

Nú hefjum við leikinn aftur og erum að fara inn í annað ferli fjárhagsáætlunar þar sem að kjörnir fulltrúar hittast á óformlegum fundum og ræða ítarlega hugmyndir um áframhaldandi sparnað og breytingar. Vissulega er það ágætur vettvangur og eðlilegur. Það breytir því þó ekki að aðrir fulltrúar, foreldrar og meira að segja

4. október 2011

áheyrnarfulltrúar í skóla- og frístundaráði verða aldrei samstíga okkur hinum sem erum búin að rýna hlutina vel og ítarlega. Þeim mun alltaf líða eins og þau hafi ekki komið að borðinu. Og það er rétt hjá þeim, þau eru ekki á jafnræðisgrundvelli að fjalla um málin. Vissulega er það okkar hlutverk og okkar ábyrgð að ákveða niðurskurð og ákveða fjármuni en til þess að vekja traust, og ég minni á ef það hefur farið framhjá einhverjum stjórnámálamönnum að traust er ekki ókeypis hjá stjórnámálamönnum þessa dagana og ekki í hávegum haft. Þess vegna þarf að bjóða öllum að borðinu strax í upphafi. Núna. Ég hef sagt þetta áður, við verðum að leyfa foreldrum í þessu tilfelli, að sjá hvernig þjónusta skiptist niður hjá Reykjavíkurborg. Við verðum að útbúa ramma upplýsinga sem að foreldrar, á foreldraþingi, geta glöggvað sig á og fengið að ræða forgangsröðun borgarinnar. Við verðum að fá fleiri raddir til að skilja hvernig ramminn er samsettur, hvernig hann krefst þess að við hugsum um alla borgarbúa og hvernig við þurfum stundum að takast á um innbyrðissjónarmið um hvert eigi að flytja fjármuni.

Með opnu þingi um skólamál eflir borgarstjórn verulega samtal og samráð við íbúa, en foreldrar, eins og áður sagði, hafa kvartað yfir ónógu samráði í núverandi breytingaráætlunum í skólum og frístundaheimilum sem ekki hafa verið að skila hagræðingu til þessa. Þingið verður opið öllum foreldrum en á það þyrfti að bjóða í gegnum skóla borgarinnar öllum foreldrum, en líka sérstaklega þeim sem sitja í skólaráðum og foreldraráðum leikskóla. Á þinginu ættu að fara fram kynningar á ramma borgarinnar og forgangsröðun fjármuna í fjárhagsáætlunum hennar, stefnumörkun leikskóla-, menntasviðs og ÍTR, ég nefni þetta sérstaklega sem stefnumörkun þeirra enn, vegna þess að enn hefur ekki verið búin til stefnumörkun nýs sviðs. Að auki verði markvisst unnið með ólíkar hugmyndir sem hafa komið fram í umræðunni um hagræðingu og börnin í borginni og eru til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á gæði skólastarfs annarsvegar og hagræðingu hinsvegar. Sérstaklega verði unnið með að sýna á skýran hátt kosti og galla hvernar umræðu fyrir sig til að hægt sé að leyfa foreldrum að ræða allar leiðir og allar neikvæðar hliðar fordómalaust.

Niðurstöður skólaþings eiga svo að vera kynntar foreldrum og starfsmönnum á rafrænan hátt og með kynningardegi eftir að úrvinnsla hefur farið fram á kostum

4. október 2011

og göllum, útreikningum og nauðsynlegum skrefum á hverri leið til forgangsröðunar hjá starfsmönnum borgarinnar. Að auki er hægt að kynna sérstaklega margar góðar hugmyndir sem hafa komið fram á þinginu. Lykilatriði í samráði og samstarfi er að allir aðilar séu sammála um þær upplýsingar sem fyrir liggja. Ef efi er um að ekki sé allt lagt á borðið er betra að sleppa því að ræða mjög mikið um framhaldið og eiga samráð, því fyrst af öllu þurfa allir að vera sammála um að það sem lagt sé á borðið sé það sem þeir vilji ræða og spyrja um svo að ekki sé verið að beina samtalinu í eina átt eða aðra. Upplýsingar eru þannig lykilþáttur.

Borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson hefur ítrekað nefnt dæmi á foreldrafundi í Grafarvoginum sem var haldinn vegna hugmynda um sameiningar skóla. Mér finnst þetta vera mikilvægt dæmi inn í þessari umræðu. Þar var varpað upp á glæru upplýsingum frá foreldrunum sjálfum um hvernig fjármunum væri veitt í óþarfa og þar voru taldir upp samningar við LR, Sinfó og Hörpuna. Vissulega var fundurinn kominn í óefni og ákveðin fundarefni komin og þetta var ekki samráð á fyrstu stigum en þetta er eitthvað sem erfitt er að svara fyrir á þessum stigum, alveg sérstaklega eftir á, þegar allt er komið í óefni, enda var á þessum tíma, eins og ég sagði, var búið að ákveða að í Grafarvogi skyldi sameinast talsvert af skólum. Upplýsingarnar komu allar of seint og það er erfitt að grípa inn í þegar búið er að dreifa einhverjum svona upplýsingum, eins og að það megi bara loka Sinfóníustyrkjum og svo framvegis, eitthvað sem við vitum betur um en upplýsingarnar eru ekki augljósar fyrir hinn venjulega Reykvíking.

Hagræðingin er erfið en það eru allir Íslendingar meðvitaðir um nauðsyn hennar að einhverju marki. Reykvíkingar sömuleiðis og þeir vilja vera upplýstir um hvernig hún fer fram. Með þessu verkefni er komið til móts við kröfu foreldra um aukin áhrif og aðgang að ákvarðanatöku í skólastarfi barna þeirra út frá öllum grunnþáttum borgarinnar sem borgin þarf að sjá um, ekki bara út frá ramma menntasviðs eins og áður hefur verið. Heildstæð yfirsýn yfir fjármuni borgarinnar og forgangsröðun setur okkur og foreldra í betri stöðu þegar í næsta skref er gengið til að ræða hugmyndir um hagræðingu í einstaka skólum eða á skólastigum, nú eða hagræðingu í öðrum þjónustubáttum. Ég vona að borgarstjórn

4. október 2011

taki höndum saman í dag og samþykki þessa tillögu hér og gangi beint til verks. Við skulum ekki gleyma því að það er mikil auðlind fyrir borgaryfirvöld að fá hugmyndir, leiðbeiningar og aðhald frá foreldrum sem geta nýst vel í hagræðingaraðgerðum og þá í meiri sátt við skólasamfélagið. Það tekur ekki af okkur óvinsæla verkefnið við að taka erfiðar ákvarðanir en ákvarðanirnar verða upplýstari og betri fyrir vikið. Það er alveg öruggt mál.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér liggur fyrir tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing, sem er jákvætt mál heilt á litið og verður spennandi að fara í frekari útfærslu á þessari hugmynd. Greinargerðin er að okkar mati í meirihlutanum kannski nokkuð þröngt skilgreind, nokkuð útfærð, og þarfnast að okkar mati frekari úrvinnslu og umræðu inni á skóla- og frístundasviði og þá að sjálfsögðu í nánun samstarfi við önnur svið borgarinnar og þá kannski sérstaklega fjármálaskrifstofu og Ráðhús, þar eð við erum að horfa á málið heildstætt.

Og ég tek undir með borgarfulltrúa Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, þessi heildstæða yfirsýn er mikilvæg, hún er mjög krefjandi. Hér var tekið gott dæmi af fundi í Grafarvogi þar sem nokkur mál voru sett á dagskrá og af þeim svona dregnar ákveðnar ályktanir sem við kannski í borgarstjórn vorum ekki endilega sammála þeirri nálgun en það er alveg rétt, það er mjög mikilvægt að hafa þessa yfirsýn en líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það eru að endingu við sem tókum ákvörðunina, okkar er völin og kvölin og við náum kannski aldrei algjörlega samhljómi um það í hvað fjármunir borgarinnar eiga að fara. Þess vegna höfum við nú kosningar á fjögurra ára fresti og þess vegna reynum við að vinna hlutina, fjárhagsáætlun, rammaúthlutun og svo fjárhagsáætlun niður á einstakar einingar eins vel og skynsamlega og okkur er framast unnt.

Mér finnst greinargerðin aðeins lýsa foreldraþingi sem er nokkuð stýrt af kerfinu sjálfu. Mér finnst mikilvægt að horfa til þess sem hefur verið vel gert og þess sem er í gangi núna, frumkvæði foreldra, til að mynda í Vesturbæ, sem standa fyrir skólalæpingi síðar í mánuðinum. Sú vinna lofar reglulega góðu og þau hafa verið, foreldrar þar, í miklu samráði við okkur inni á skóla- og frístundasviði um ýmislegt og það er mikilvægt að horfa til þess hvernig það gengur og fá góðar hugmyndir þaðan. Ég velti líka fyrir mér hvort við eigum að horfa á þetta í enn stærra samhengi og skoða til að mynda frámunalega vel heppnuð barnalæping sem voru haldin í Grafarvogi á sínum tíma, hafa nú ekki verið í gangi síðastliðin ár en

4. október 2011

Þar var verið að kalla eftir sjónarmiðum barnanna á sínum skólum, sínu frístundastarfi og sínu félagsmiðstöðvastarfi.

Svo þykir mér einsýnt að við höldum ekki foreldraþing, þó það komi ekki fram hér sérstaklega í tillögnum eða greinargerð, án þess að innvinkla hagsmunasamtök foreldra, bæði foreldra grunnskólabarna sem og foreldra leikskólabarna hvernig þau sjá slíkt foreldraþing fyrir sér. Og svo þurfum við auðvitað að hugsa til, þó svo að hér sé getið um það að niðurstöðurnar verði kynntar á rafrænan hátt, þá held ég að það sé ekki síður mikilvægt að horfa til þess að það koma ekki endilega allir foreldrar á foreldraþing, það kannski finnst ekki öllum það vera heppilegt módel til þess að taka þátt og kannski ekki allir sem eiga heimangengt, að horfa til rafrænna leiða til þess að koma sem flestum sjónarmiðum foreldra að. Og í því samhengi er ágætt að minnst þess eða geta þess að ný og breytt ásjóna eða útgáfa af Betri Reykjavík er senn að fara í loftið og þar getum við sannarlega hugað að þessum þætti.

Svo má auðvitað ekki gleyma því að á hverjum tíma eru ótal foreldrar að störfum út um alla borg og í hverju skólahverfi í ótal vinnuhópum og því hefur verið hrósað sérstaklega hvernig upplýsingagiöf frá borginni til foreldra í þeim skólum sem um ræðir hefur verið háttáð og við erum auðvitað ánægð með það og viljum gera ennþá betur. Og það er alveg rétt að í hagræðingarvinnunni sl. vetur komu fram ýmsar aðrar lausnir. Sú sem kannski heyrðist hæst var að láta af öllum hagræðingaraðgerðum og hækka þess í stað gjöld og það er tillaga, það er sjónarmið í sjálfu sér og auðvitað mjög margir sem myndu ráða við það en að okkar mati, eftir að hafa legið yfir fjárhagsáætlun skólanna og auðvitað fjárhagsáætlun borgarinnar og glímt við þetta gat sem þurfti að stoppa upp í eða bil sem þurfti að brúa upp á nær fimm milljarða króna, að við gætum farið í hagræðingu til að mynda í yfirstjórn eins og við gerðum sl. vetur og því þótti okkur það ekki vera ásættanleg lausn að fara í að hækka gjaldskrár í stað þess að hagræða í yfirstjórn því við höfðum metið það svo að af mörgum óþægilegum hagræðingaraðgerðum, þá væri það sú aðgerð sem síst myndi hafa neikvæð áhrif á börnin.

4. október 2011

En af því að ég var nú hér að tala um gjaldskrár, þær verða að sjálfsögðu alltaf að vera í takti við veruleikann og að einhverju leyti taka mið af vísitölubreytingu milli ára en við getum ekki sleppt því að hagræða og gripið þess í stað til gjaldskrárhækkana, allt verður þetta að vera í einhverju samspili og sannarlega ekki allir á eitt sáttir um það hvernig það samspil er en við að sjálfsögðu reynum að taka sem bestu ákvarðanirnar á hverjum tíma.

Foreldrar eru, að þessu sögðu, og það lærðum við aldeilis síðasta vetur, þeir eru ekki einsleitur hópur, þeir hafa ekki eina skoðun á skólamállum. Sumir fögnuðu þessum breytingum en töldu sig kannski ekki endilega vera þess umkomnir að lýsa því opinberlega, þarna er oft um mjög viðkvæmt samspil eða samband foreldra og barna, gjarnan ungra barna, eins og í leikskólum, og starfsfólks skólanna en við fengum svo sannarlega líka að heyra í þeim foreldrum sem sögðust skilja þessar ákvarðanir, skilja hvaðan þær væru sprottnar og að þær væru skynsamlegar þó svo að öllum þætti að sjálfsögðu erfitt að takast á við þær. Að þessu sögðu ætla ég að mælast til þess að við flytjum málsmeðferðartillögu um það að vísa þessari tillögu sjálfstæðismanna inn á skóla- og frístundasvið þannig að fleiri geti tekið þátt í þessum undirbúningi með okkur og eins vil ég geta þess hér að í greinargerð er rangt með farið, það er að segja að hér er fullyrt að breytingaráætlanir í skólum og frístundaheimilum skili ekki neinni hagræðingu, það er einfaldlega rangt og það vitum við, en ef tillöguflytjandi vill breyta því í greinargerðinni, þá er það að sjálfsögðu kærkomið en af ekki, þá yrðum við að bóka sérstaklega um það.

En ég ætla þá að flytja hér tillögu að málsmeðferð og bókun henni tengda, sem væri þá svohljóðandi með leyfi forseta:

Tillögu Sjálfstæðisflokksins um foreldraþing er vísað inn á skóla- og frístundasvið til meðferðar og nánari útfærslu. Skoða þarf kosti og galla mismunandi tímasetninga og mögulegrar útfærslu að framkvæmd. Mikilvægt er að hagsmunasamtök foreldra verði með í ráðum um nánari útfærslu, hugsa þarf til rafrænna leiða til að koma sjónarmiðum foreldra að nú þegar vefurinn Betri Reykjavík verður innan tíðar standsettur í breyttri og betri mynd.

Eins er mikilvægt að horfa til frumkvæðis foreldrasamfélaga en til að mynda er í bígerð skólaþing í Vesturbæ sem skipulagt er af foreldrasamfélaginu í hverfinu sem gott væri að horfa til sem fyrirmyndar. Eins er mikilvægt að hlusta á

4. október 2011

sjónarmið barnanna og má í því ljósi nýta reynslu Grafarvogsbúa sem stóðu fyrir árlegum barnþingum um margra ára skeið.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að hafa langt mál um þessa tillögu, mér finnst hugmyndin vera í sjálfu sér mjög góð, það er jákvætt að við tökum hrá gögn og förum með þau til umræðu og skrafs og ráðagerða út meðal borgarbúa og finnst sjálfsagt að það verði skoðað með hvaða hætti það megi gera og sennilega er það rétt að skóla- og frístundasvið sé best til þess fallið að undirbúa slíkt foreldraþing. En ég vildi þó skjóta að hugleiðingum sem komu upp í okkar vinstri græna hópi þegar við vorum að ræða þessa tillögu, um að, og kannski munum við þá flytja tillögur um það, bara í fagráðum borgarinnar þegar fram í sækir en kannski væri eðlilegt að haldin yrðu sambærileg þing í öðrum málaflokkum. Að til dæmis yrði haldið umhverfisþing til að fjalla um forgangsroðun í umhverfismálum. Haldið yrði framkvæmdaþing, þá mögulega á vegum borgarráðs til þess að fara yfir hvaða framkvæmdir þættu mikilvægastar. Haldið yrði mannréttindaþing til þess að ræða um áherslur á næsta ári. Haldið yrði velferðarþing og svona gæti ég lengi talið.

Mögulega væri hægt, og þetta er kannski eitthvað sem við getum bar þróað áfram og þarf ekkert endilega að gerast strax í næstu viku, en mögulega væri hægt að stefna að því að í framtíðinni yrði einhverskonar ársþing borgarbúa þar sem allir áhugasamir um fjármál borgarinnar gætu komið saman og skipt yrði upp í málstofur eftir þeim þáttum sem fólk væri áhugasamt um. Mögulega væri líka hægt að gera þetta úti í hverfum þannig að hvert hverfi fyrir sig gæti haft á því skoðun hvað yrði gert í hverju hverfi. Það eru ýmsar leiðir sem hægt er að fara til þess að útfæra svona en ég held að hugmyndin, sko, grunnhugmyndin snýst um það að nú þegar ramminn liggur fyrir, þá er mikilvægt að fá borgarbúa með okkur í lið til þess að forgangsraða fjármununum, bæði inni á sviðunum og eftir hverfum. Við munum í framhaldinu, núna þegar þetta er farið inn til skoðunar á skóla- og frístundasviði, þá munum við Vinstri græn mögulega leggja fram tillögur um eitthvað sambærilegt í öðrum ráðum og vona að því verði vel tekið. En að öðru leyti, já, mun ég samþykkja það að þessu verði vísað á þennan stað og tel hugmyndina vera góða.

4. október 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það kemur mér aðeins á óvart að verið sé að tala um að greinargerðin sé of þröng til þess að hægt sé að samþykkja tillöguna hér og ég harma það að við getum ekki gert það saman hér að breyta greinargerðinni, sem ég er mjög tilbúin til þess að gera ef við getum bara samþykkt hér í borgarstjórn þessa tillögu okkar, samhljóða, í staðinn fyrir að vísa henni inn í mikla kannski umræðu. Það er nóg að gera nú þegar og það er ekki mikið af kannski fólki til þess að ræða við. Ég get ímyndað mér að allir geti sæst á það að ég felli út þessa setningu sem greinilega stuðaði og ég afsaka, sem er: „sem ekki skili neinni hagræðingu.“ Og svo að standi „til dæmis“ fyrir framan þær hugmyndir um hvernig þetta eigi að fara fram, það er alls ekki skorið niður út frá þessari hugmynd hvernig þetta á að vera. Það er hinsvegar ekki alveg sanngjarnt að segja að þetta eigi að vera í líkingu við Vesturbæinn, þar einmitt á kerfið ekki að koma að. Þar eru einmitt ekki pólitískt kjörnir fulltrúar velkomnir að vera að trufla samkunduna eins mikið og ég hugsa þetta hér. Það er allt öðruvísi hugsun, íbúarnir eiga frumkvæði að því. Hér erum við að tala um að menntasvið og menntaráð og ... skóla- og frístundasvið, fyrirgefið þið, eigi frumkvæðið og að sjálfsögðu legg ég þar af leiðandi fram miklu meiri upplýsingar og ítarlegri um ramma borgarinnar í heild sinni. Þannig að það er önnur hugsun og það er ekkert því til fyrirstöðu að greinargerðin breytist þannig að það rýmist allskonar aðrar hugmyndir sem geta komið upp – og líka dagsetningin, sem getur verið annað en nóvember, ef við breytum tillögunni í því. Þannig að ég hvet borgarstjórn til þess að endurskoða þessa tillögu um að vísa þessu til skóla- og frístundasviðs og afgreiða þetta hér og nú.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil, eins og aðrir, hrósa hugmyndinni en ég ætla að taka undir orð borgarfulltrúa Oddnýjar Sturludóttur um að það sé að ýmsu að hyggja og taka undir málsmeðferðartillöguna um að vísa málinu til skóla- og frístundasviðs til frekari úrvinnslu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er þá málsmeðferðartillagan borin upp [forseti hringir bjöllu]. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja það að vísa tillögunni til skóla- og frístundasviðs gefið merki. Einhverjir á móti? Málsmeðferðartillagan telst því samþykkt og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins boða bókun. Má bjóða ykkur að kynna hana nú eða í lok fundar? Já, þá bara getið þið lesið hana upp í lok fundar. Já. Fulltrúar meirihlutans á móti. Fleira liggur ekki fyrir undir þessum lið og við förum í annan lið á dagskrá sem er umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dagsett í september 2011, að beiðni borgarfulltrúa allra flokka og fyrstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

[Bókanir fluttar í lok fundar]

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kynni hérna stutta bókun um 1. lið dagskrár borgarstjórnar hún hljóðar svo:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins harma að meirihlutinn hafi ekki viljað samþykka tillögu um foreldraþing í borgarstjórn heldur kjósi frekar að tefja málið og drepa því á dreif.

Forseti: Og fulltrúar Samfylkingarinnar og Besta flokksins hafa tilkynnt að þeir ætli að lesa gagnbókun við bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins – er það rétt? Bíðum eftir því. Við bíðum eftir bókun fulltrúa Samfylkingarinnar og Besta flokks, gagnbókun undir lið 1.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Oddný Sturludóttir: Frú forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kynni hér gagnbókun:

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar harmar að viðhorf Sjálfstæðisflokksins til okkar öfluga skóla- og frístundasviðs sé að þar sé málum drepíð á dreif og tafin. Þar verður ágætri tillögu sjálfstæðismanna um foreldraþing sinnt af kostgæfni, eins og öðrum mikilvægum verkefnum.

Forseti: Fleira liggur ekki fyrir [frammícall]. Gagnbókun gegn gagnbókun? Fyrirgefðu þið ... Ókei.

4. október 2011

1. mál Tillaga um að Reykjavíkurborg haldi foreldraþing (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins viljum bara enda þetta á léttu nótnum með málefnalegri gagnbókun og hún hljóðar svo:

Það sýnir vel málefnafátækt meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins að hann skuli kjósa að snúa út úr málefnalegri gagnrýni vegna óviðunandi málsmeðferðar með þeim orðum að verið sé að gera lítið úr starfsemi skóla- og frístundasviðs. Gagnrýni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins beinist ekki gegn hinum ágætu starfsmönnum sviðsins heldur gegn óhæfri pólitískri forystu í borgarstjórn og skóla- og frístundaráði Reykjavíkur.